

# Íslenskur iðnaður

8./9. tölublað 18. árg.

Ágúst / September 2012

Samtök iðnaðarins

SI

eftir Orra Hauksson

## Atvinnulífið hefur ekki kosningarétt

Kosningavetur er runninn upp, eins og fjárlagafrumvarpið ber skýrt vitni um. Stjórnvöld hafa hvorki í hyggju að ná endum saman með því draga úr útgjöldum til stórra kjósendahópa né hækka á þá sýnilega skatta. Fyrirtækjunum í landinu eru í staðinn skammtaðar stórauðnar byrðar, fjórða árið í röð. Skattahækkanir á ferðaþjónustu og sjávarútveg eru mældar í tugum milljarða. Hundruð íslenskra iðnfyrirtækja þjóna þessum gjaldeyrisaflandi greinum og finna samstundis fyrir því í rekstri sínum þegar viðskiptavinirnir halda að sér höndum í fjárfestingum, þróun og viðhaldi. Minni athygli hefur vakið að frumvarpið gengur einnig með beinum hætti gegn veigamiklum hagsmunum íslensks iðnaðar.

## Hækkun tryggingagjalds gengur ekki til baka

Atvinnulífið hefur tekið virkan þátt í baráttu gegn atvinnuleysi, m.a. í gegnum átaksverkefni *Nám er vinnandi vegur*, *Vinnandi vegur* og *Allir vinna*. Þátttaka atvinnulífsins byggðist ekki síst á því að minnkandi atvinnuleysi myndi leiða til lækkunar tryggingagjaldsins sem snarhækkaði þegar atvinnuleysið jókst eftir hrún. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí 2011 í tengslum við gerð kjarasamninga segir: „Miðað við spár um 5,5% atvinnuleysi gæti atvinnuþryggingagjaldið lækkað um 0,3% til viðbótar í ársbyrjun 2013.“ Nú þegar sú spá gengur eftir hyggjast stjórnvöld ganga kinnroðalaust á bak orða sinna.

framhald bls. 2

## Gámaþjónusta Norðurlands og Sagaplast Stórbæta aðstöðuna



### 25 ára afmæli

Gámaþjónusta Norðurlands ehf. sem nú fagnar 25 ára afmæli og Sagaplast ehf. hafa opnað nýja og glæsilega móttöku- og flokkunarstöð *Hlíðarvelli* við Hlíðarfjallsveg á Akureyri. Bæði félögin hafa áratuga reynslu af móttöku og vinnslu úrgangs- og endurvinnsluefna. Sagaplast ehf. hefur á undanförunum árum átt í nánu samstarfi við Gámaþjónustu Norðurlands ehf. og hafa félögin sameinað krafta sína frá ársbyrjun. Sameining félaganna eykur hagkvæmni sem kemur viðskiptavinum beggja fyrirtækjanna til góða.

### Formleg opnun

Hlíðarvellir voru opnaðir formlega 12. júlí að viðstöddum fjölda gesta. Eiríkur Björgvinsson bæjarstjóri á Akureyri gerði það með því að klippa á borða við dyr að móttökusal.

### Samningur undirritaður

Samhliða opnuninni skrifuðu Sveinn Hannesson framkvæmdastjóri Gámaþjónustunnar hf. og Svanfríður Jónsdóttir bæjarstjóri á Dalvík undir breyttan samning um sorphirðu á Dalvík þar sem samið er um fjórða ílátið í sorphirðukerfi hjá heimilum í sveitarfélaginu.

Sorphirðukerfið verður þá samsett af tveimur tunnum við hvert heimili en hvor tunna verður með innra íláti. Innra ílátið í tunnu fyrir almennt sorp er fyrir lífrænan úrgang en innra ílátið í Endurvinnslutunnunni er fyrir önnur endurvinnsluefni en pappír, pappa, dagblöð og fernur.

Rekstrarstjóri Gámaþjónustu Norðurlands ehf. er Helgi Pálsson.

bls. 1-2



Atvinnulífið hefur ekki kosningarétt

bls. 3



Rafbókasafnið rafbók rafbok.is

bls. 4



Heimsókn í Vélvík

bls. 7



Vernd vöruheita með uppruna- eða staðarvísun  
Greinargerð um landfræðilegar merkingar á vegum Samtaka myllu- og kjótræmleidda og Samtaka iðnaðarins  
Júní 2012 - Samtöki Einar Kall Haraldsson

bls. 8



Hjartarbraut fyrir heilsuna

# Atvinnulífið hefur ekki kosningarétt

## Ómarkviss neyslustýring

Árið 2007 rættist sá langþráði draumur atvinnulífsins að hin alræmdu vörugjöld yrðu endanlega lögð af hér á landi. Skattlagning átti þaðan í frá að vera gagnsæg og byggjast á jafnræði milli fyrirtækja, atvinnugreina og vöruflokka en ekki tilviljanakenndum sköttum á mismunandi vörur. Eftir áratuga vinnu við að útrýma vörugjöldum gengu núverandi stjórnvöld hratt til verks og sneru aftur til ómarkviss og illskiljanlegs kerfis neyslustýringar, að sögn í þágu lýðheilsu og annarra göfugra markmiða. Öllum mátti þó vera ljóst að tilgangurinn var fyrst og fremst að afla fjár bakdyrmegin, án þess að neytendur yrðu varir við skattheimtuna með beinum hætti. Þáverandi heilbrigðisráðherra, Ögmundur Jónasson, má reyndar eiga að hann viðurkenndi að tekjuöflunarsjónarmið hefðu strax borið hin meintu almannahéill ofurlíði. Nú á enn feta sömu braut og afla næstum milljarðs í viðbót árlega með gjöldum á vörur sem samkvæmt stjórnvöldum eru óhollar. Hugmyndirnar byggja á afar einfaldningslegum fullyrðingum um lífstíl og heilsu þar sem einstakir þættir, sem tiltölulega auðvelt er að skattleggja, eru slitnir úr samhengi við allt annað sem hefur áhrif á heilsufar. Þessi stýrihyggja er bæði átroðslusöm í lýðfrjálsu landi og hefur auk þess ójöfn og ófyrirséð áhrif. Útfærsla hinnar auknu skattheimtu liggur þar að auki ekki fyrir, ekki frekar en vísindaleg rök fyrir hinum óljósu boððu breytingum. Hækkun vörugjalda á margvíslegar vörur mun ekki hafa áhrif á heilsu- eða holdafar landsmanna en mun leggja þungt á samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu.

## Einbeittur vilji til vanefnda

Árið 2009 sömdu stjórnvöld og stór iðnfyrirtæki um fyrirframgreiðslu tekjuskatts og tímabundna álagningu orkusatts. Iðnfyrirtækin tóku á sig stórauðnar byrðar í nokkur ár þegar illa áraði hjá ríkissjóði. Forsenda samkomulagsins var að hinn sérstaki tímabundni skattur félli niður að þremur árum liðnum. Skv. fjárlagafrumvarpinu ætla stjórnvöld hins vegar að hafa samkomulagið að engu, einmitt þegar iðnaðurinn hefur staðið við allan sinn hluta þess. Svipað var líka reynt í fyrra en stjórnvöld féllu blessunarlega frá fyrirætlunum sínum í það skiptið þegar ljóst varð að slíkum samningsbrotum yrði mætt af fullum lagalegum þunga. Einnig er ljóst að stjórnvöld eru með gjörtapað lagalegt mál nú ef þau vanefna sinn hluta samkomulagsins.

Það versta við þessa tilhneigingu íslenskra stjórnvalda að komast frá eigin skuldbindingum er hins vegar hve trúverðugleiki landsins bíður djúpstæðan hnekki til langs tíma, t.d. í gerð fjárfestingarsamninga við erlenda aðila. Viðskiptasiðferði af þessu tagi væri fljótt að grafa undan venjulegum fyrirtækjum svo þau ættu ekki mikla möguleika á markaði.

## Lýst eftir langtímahugsun

Stjórnvöld mæta miklum skilningi hjá fólki og fyrirtækjum landsins við stjórn ríkissjómála. Fólk áttar sig á að það er hreint ekki vandalaust verk að ná endum saman og allra hagur er að ríkissjóður láti af skuldaföfnun. „Hér varð hrun“ er reglulega rifjað upp og stjórnvöld hreykja sér af verkum sínum við erfiðar aðstæður. En hver er raunin, nú þegar fjögur ár eru liðin frá bankahruninu? Ríkissjóður hefur að meðaltali verið rekinn með hátt í hundrað milljarða halla á ári eða um tvöfalt umfram fjárlög. Stjórnvöld hafa vissulega haldið í við ýmis útgjöld og gert kröfu um sparnað hjá stofnunum sínum, sem er langt í frá sársaukalaus. Í fjárlagafrumvarpinu nú er gert ráð fyrir snarminnkuðum halla frá undanförunum árum og því ber að fagna. En fögnuðurinn þarf að byggjast á raunsæi. Í fyrsta lagi hefur niðurstaðan hvert einasta undangengið ár verið milljarðatugum verri en fjárlög sögðu til um. Erfitt er að þróa með sér sannfæringu fyrir að allt annað verði uppi á teningnum í þetta sinn. Nú þegar liggja fyrir áform um milljarða ríkisútgjöld á næsta ári sem ekki koma fram í fjárlögum. Í öðru lagi er flöt krónutölulækkun á föst útgjöld ein og sér hvorki klókindaleg stefnumörkun né skilar sparnaði til langs tíma. Ef engu er breytt nema tölunum munu þær einfaldlega hækka á ný síðar. Ríkisreksturinn mun hvorki þróast né leiða til hagkvæmari aðferða í framtíðinni. Í allri kreppu felst tækifæri til að hugsa hluti upp á nýtt og láta ekki vanann festa rangt mynstur í sessi. Það er engin ráðdeild að ýta útgjaldaþörf eingöngu inn í framtíðina en gera ekki ráðstafanir til að draga úr henni.

## Nýsköpun í ríkisrekstri

Aðhaldið í ríkissjómálum undanfarin ár er bæði ofmetið og hefur að hluta komið skakkt niður. Helsti tækniháskóli landsins, Háskólinn í Reykjavík, hefur mátt þola mestan niðurskurð háskólanna einmitt á sama tíma og skortur er á tæknimenntuðu starfsfólki. Fjárfestingum hins

opinbera hefur verið frestað en viðvarandi rekstrararkostnaði minni gaumur gefinn. Greiningaraðilar hafa bent á að höfuðstóll ríkiseigna

hafi rýrnað að raungildi og að safnað hafi verið upp þörf fyrir aukin útgjöld á næstu árum, sem hvergi sér stað í reikningum. Það er dýrara að uppfæra innviði, svo sem samgöngumannvirki og tækjabúnað, þegar viðhaldi er ekki sinnt og hlutum leyft að grotna niður. Samtök iðnaðarins buðu stjórnvöldum að taka þátt í sameiginlegu verkefni fyrir tæpum tveimur árum, svokallaðri klasaáætlun sem nefnd var „betri þjónusta fyrir minna fé.“ Hún felst í að beisla nýsköpun í íslenskum tækni- og hugverkafyrirtækjum til að þróa nýjar og hagkvæmari aðferðir fyrir hið opinbera að inna þjónustu sína af hendi. Mennta- og heilbrigðisgeirar hins opinbera voru þar í sérstöku kastljósi og samvinnuverkefnið átti að vera hinu opinbera til heilla og fyrirtækjunum um leið. Sú áætlun, sem stjórnvöld gáfu vilyrði fyrir í maí árið 2011, hefur þó ekki náð fram að ganga eins og vonir stóðu til. Hið sama á við um fyrirheit stjórnvalda frá í maí 2011 um nýbreytni í fjármögnun og rekstri samgöngumannvirkja. Þau vilyrði reyndust einnig innstæðulaus.

## Að bjarga fyrir horn

Langbesti tekjumöguleiki stjórnvalda felst í að stækka kökuna. Stjórnvöld hafa hins vegar haldið aftur af viðgangi hagkerfisins með hugmyndafræðilegri baráttu sinni við auðlindanýtingu í landinu, til lands og sjávar. Sú sífellda togstreita hefur snarminnkað fjárfestingu í landinu og tafið þróun iðngreina sem sinna auðlindaverkefnum. Hagkerfið er einfaldlega minna að umsvifum en það ella væri. Fyrir vikið búa færri hér á landi og skuldir ríkisins eru af þeim sökum meiri en vera þyrfti. Ríkissjómálin hafa þannig byggst um of á skammsýni í tekjum og kostnaði. Á hverju hausti þarf því að bjarga fjárlagafrumvarpinu með einhverjum hætti fyrir horn, eins og nú blasir við. Brugðið er á það fyrirsjáanlega ráð að leggja nýja og hækkaða skatta á starfsemi, sem þegar er fyrir hendi, í stað þess að skattleggja með hóflegum hætti en breikka stofninn í staðinn til lengri tíma. Slíkar álögur eru skammgóður vermir.



# Rafbókasafnið Rafbók – rafbok.is

Viðtal við Ísleif Árna Jakobsson, forstöðumann Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins

Undanfarið hefur verið mikið rætt um rafbækur og hagkvæmni þeirra, ekki síst til kennslu. Þar sem líkur eru á að rafbækur muni í framtíðinni veða mjög að gömlu góðu bókinni mætti halda að bókaútgefendur hefðu undir höndum lénið rafbok.is. En svo er ekki því að ef vel er að gáð heldur Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins úti vefnum www.rafbok.is þar sem rafbókasafnið Rafbók er vistað. Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins er sameign samtaka fyrirtækja og launþega í rafiðnaði og því er Rafbókin greinilega á heimavelli. Til að forvitnast frekar um tilurð þessa verkefnis lagði undirritaður nokkrar spurningar fyrir Ísleif Árna Jakobsson, forstöðumann Fræðsluskrifstofunnar.

## Hvenær vaknaði hugmyndin um Rafbókina?

Þetta byrjaði allt saman í ferð sem starfsmenn Fræðsluskrifstofunnar og formenn sveinsprófsnefndanna fóru til Danmerkur haustið 2001. Þar fengum við kynningu á *Fagböger på internetet* en Danirnir höfðu þá gefið út bækur sem allir höfðu aðgang að á netinu. Allar leiðréttingar og viðbætur voru gerðar jafnóðum en ekki endurskoðaðar á 10 ára fresti eins og gert er með pappír-bækur. Okkur leist vel á hugmyndina og í febrúar 2003 héldum við menntaráðstefnu hér á landi þar sem Danirnir kynntu málið.

## Hvernig hafið þið fjármagnað verkefnið?

Við sóttum um styrk til Menntamálaráðuneytisins til að gera netbókasafn og fengum 450 þús. krónur í maí 2005 og það dugði til að fara af stað. Rafbókasafnið hefur fengið styrki frá Menntasjóði rafiðnaðarins og Rafiðnaðarsambandinu, sem m.a. árið 2008 veittu okkur styrk til fjögurra ára, tvær milljónir á ári. Þá heimiluðu Danirnir okkur að að setja allt sitt efni, um 1100 hefti á dönsku inn í þessa fyrstu útgáfu og auk þess máttum við þýða yfir á íslensku allt það efni sem við vildum og þá var hafist handa fyrir alvöru.

## Hverjir eru helstu samstarfsaðilar og hverjir leggja til efnið?

Við eigum mjög gott samstarf við skóla sem kenna rafiðngreinar. Sérstaklega vil

ég nefna kennara í FB, TS og FVA. Mín helsta hjálparhella úr þeirri áttinni hefur verið Heimir Jón Guðjónsson, kennslustjóri í FB. Efnið verður til með þýðingum úr danska safninu og svo kaupum við birtingarrétt á efni sem íslenskir kennarar hafa samið en það er umtalsverður hluti safnsins. Um þessar mundir eru þar 1169 hefti á dönsku og 190 hefti á íslensku ásamt 78 áfangalýsingum. Þessi hefti geta verið allt frá 10 og upp í 150 síður að lengd.

## Hverjir nota rafbókina?

Notendur rafbókasafnsins eru aðallega nemendur í rafiðngreinum. Einnig hef ég orðið þess var að starfsmenn verkfræðistofa hafa sótt um aðgang að safninu. Annars er það opið öllum sem hafa áhuga en sækja þarf um aðgang. Þá er nokkuð um að fyrirtækin leiti sér tækniupplýsinga í rafbókinni. Nú í lok ágúst eru 1614 skráðir notendur frá byrjun og þar af eru 672 sem hafa skráð sig inn á þessu ári.

## Hverjir eru helstu kostir þess að fá námsefnið á tölvutæku formi?

Kostirnir eru þeir að þá þarf ekki að liggja með bækur á lager og hægt er að leiðrétta rafbók jafnóðum. Það er hægt að skoða og sækja sér upplýsingar hvenær sem er eftir að formlegu skólánámi er lokið. Þeir sem eru með les-erfiðleika geta breytt lit á blaðsíðum og letri og stækkað það. Komið hefur í ljós að nemendur sem ekki geta lesið svart á hvítu, geta lesið t.d gult á bláu. Einnig eru komnar lesvélar sem geta lesið texta á skjá og þannig geta nemendur látið tölvuna lesa námsefnið fyrir sig.

## Hvernig taka nemendur rafbókinni?

Einn kennari gerði könnun í sínum bekk í fyrra. Í bekknum voru 18 nemendur. Hann spurði nemendur hvort þeir vildu fá námsefnið á tölvutæku formi eða á pappír, sautján vildu fá námsefnið á tölvutæku en einn á pappír. Annar kennari sagði mér að nú hefðu nemendur enga afsökun fyrir því að gleyma bókinni heima því að hún væri alltaf aðgengileg á netinu.



## Felst sparnaður í rafbókinni fyrir nemendur og skóla?

Ef við skoðum kostnaðarhlíðina er litlu ódýrara að búa til bók á tölvutæku formi þar sem sparnaðurinn felst í prentun, pappír og lagerhaldi. Um 100 sveinar útskrifast með sveinspróf á hverju ári. Að meðaltali eru 7 annir í skóla. Ef nemandi getur sparað sér 10.000 krónur í bóka-kaupum eða sem svarar fjórum venjulegum bókum á önn, spara samtök rafiðnaðarins varlega áætlað hverjum nemenda 70 þúsund krónur á námstímanum.

## Hvernig sérðu framhaldið, hver verður þróunin að þínu mati?

Þegar við byrjuðum á þessu fyrir fjórum árum, sá ég engan veginn fyrir mér þá byltingu sem er að verða með litlu spjaldtölvunum, s.s Kindle, Ipad og fleiri með android stýrikerfi. Þessar lestölvur eiga eftir að verða stærri, sennilega í A4 formati og enn ódýrari. Það segir okkur að krafan um að náms-efni verði til á tölvutæku formi og aðgengilegt á netinu á bara eftir að aukast. Nú er allt efni á rafbókasafninu á PDF formi en ég er farinn að skoða hvaða form henti við næstu endurskoðun og horfi þar til EPUB3 sem virðist ætla að verða staðall í rafbókaútgáfu á næstunni. Ég sé einnig fyrir mér að kennsla með stuttum myndskleiðum þar sem tal og mynd eru notuð til útskýringar verði mjög mikið notað og þá allt aðgengilegt á netinu.

Ásbjörn R. Jóhannesson,  
forstöðumaður rafiðnaðarsviðs SI



# Heimsókn í Vélvík

Eitt þeirra tækniyrirtækja á Íslandi sem lætur lítið yfir sér en er í fremstu röð á sínu sviði er Vélvík í Reykjavík. Það er tvímælaust eitt fullkomnsta málmrenni- og mótaverkstaði landsins enda nýtir það nýjustu og flóknustu tölvustýrðar vélar sem eru á boðstólum við hönnun og framleiðslu.

Fyrirtækið var stofnað árið 1988 og tæknideild árið 1997. Í viðtali við Daníel Guðmundsson framkvæmdastjóra sagði hann að fyrirtækið hefði farið hægt af stað en þeir hefðu fljótt komið auga á þá miklu möguleika sem nýjasta tækni gæti opnað við hönnun og framleiðslu flókinna og vandsmíðaðra íhluta. Þá var smátt og smátt fjárfest í fullkomnum renni- og fræsibekkjum sem eru meira og minna sjálfvirkir eftir að búið er að stilla þá af með tilstyrk tölvutækninnar. Auk þess var séð til þess að fagmennirnir fengju ávallt menntun og þjálfun í samræmi við þær kröfur sem svo flóknar og fullkomnar vélar útheimta. Og árangurinn lét ekki á sér standa.

Viðskiptavinir Vélvíkur eru m.a. há-tækniyrirtæki eins og Marel, Teledyne-Gavia og Össur. Framleiðslan spannar allt frá smæstu hlutum í stoðtæki, íhluti í matarvinnslulínur og skrokka utan um sjálfstýrða smákafbáta sem allt er mjög flóknir hlutir í hönnun og framleiðslu. En með nýjustu tækni geta starfsmenn



Yfirsýn yfir hluta Vélvíkur og skrokka utan um sjálfstýrða kaafbáta

Vélvíkur smíðað fullkomin verkfæri, mót og stansa auk stálherslu og skönnun hluta. Allt er þetta unnið með undrahraða og af mikilli nákvæmni.

Daníel segir að möguleikarnir séu næstum ótæmandi enda opnar sú tækni sem þeir í Vélvík nýta sér möguleika sem fæsta dreymir um nema hafa sjálfir reynt. Hann bætir við að eitt helsta vandamálið sé að þá vantar fleiri fagmenn – hvort heldur er rennismiðir eða vélvirkjar sem geta lært og nýtt sér tækni hvers tíma, eru opnir, hafa frumkvæði og eru vandvirkir. „Slíkir menn eru

allt of fáir“ segir Daníel og mikil nauðsyn á að skólar og menntayfirvöld taki vel á með fyrirtækjunum og samtökum þeirra til að tryggja nægjanlegt framboð af þessum bráðnauðsynlegu fagmönnum. „Þeir þurfa ekki að kvíða verkefnaskorti“, segir Daníel Guðmundsson; „næg eru verkefni og mikil virðisaukning í vinnsluferlunum hjá okkur en það er forsenda þess að unnt sé að greiða kaup sem laðar að bestu menn.“

Ingólfur Sverrisson  
forstöðumaður Málmis

## Kjarnafæði hlýtur D-vottun

Kjarnafæði hefur staðist úttekt á fyrsta þrepi áfangaskiptrar gæðavottunar Samtaka iðnaðarins og hlotið D-vottun.

D-vottun er fyrsti hluti gæðavottunarakerfis SI sem tekið er upp í fjórum áföngum. Í því felst að rekstur fyrirtækis er gerður skilvirkari. Fyrirtækið fer í gegnum stefnumótun þar sem afkoma hvers verks eða vöru er skilgreind. Við þetta eykst framleiðni og fyrirtækin skila meiri hagnaði.

Kjarnafæði var stofnað þann 19. mars 1985 af bræðrunum Eiði og Hreini Gunnlaugssonum. Í upphafi fór starfsemi fyrirtækisins fram í litlu húsnæði og var aðaláherslan lögð á að framleiða pizzur og hrásalat.

Í dag framleiðir Kjarnafæði flestar þær

afurðir úr íslensku gæðakjöti, sem í boði eru á íslenskum neytendamarkaði. Afurðir úr reyktu og söltuðu kjöti má telja sem sérgrein fyrirtækisins en auk þess framleiðir fyrirtækið fjölda



Eðvald Sveinn Valgarðsson og Jóhann Rúnar Sigurðsson taka við vottuninni



kjötvara, bæði lítið unnið og meira unnar s.s. pylsur, álegg og búðinga af ýmsu tagi. Kjötiðnaðarmeistarar fyrirtækisins hafa hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir færni sína.

Kjarnafæði selur framleiðslu sína um land allt og hefur náð mjög góðri fótfestu á markaðinum. Viðskiptavinir fyrirtækisins eru fjölmargir og má þar helst nefna stórmarkaðina, kaupfélög, aðrar verslanir, veitingahús og veisluþjónustur, sem og stór og smá mötu-neyti.

# Leiðbeining ætluð eigendum og byggingarstjórum nýbygginga

Í nýjum lögum um mannvirki, „2010 nr. 160, 28. desember“ er eldri lögum um hlutverk og ábyrgð byggingarstjóra og eigenda breytt talsvert.

Mikilvægt er að þeir setji sig vel inn í hin nýju hlutverk og taki ábyrgð sína alvarlega með því að kynna sér gildandi mannvirkjalög og byggingarreglugerð. Í nýjstu tölublöðum Íslensks iðnaðar hafa Samtök iðnaðarins birt nokkrar ábendingar til byggingarstjóra. Hér er vakin frekari athygli eigenda og byggingarstjóra á nokkrum atriðum sem birtast í formi leiðbeininga/ráðlegginga sem miðast við tiltekna forsendur.

## Forsenda 1:

*Einstaklingur eða lögaðili fær úthlutað lóð og ætlar að ráða verktaka í sérhvern verkþátt í stað þess að ráða aðalverktaka til að annast verkið í heild*

- Eigandi getur sjálfur annast skipulag og stjórnun verksins en ber að ráða byggingarstjóra, m.a. til að annast innra eftirlit samkvæmt mannvirkjalögum.
- Ef eigandi hefur ekki faglega þekkingu til að stjórna slíku verki ætti hann að fela öðrum, t.d. byggingarstjóra, að sjá um að stjórna framkvæmdinni fyrir sína hönd. Slíkt hlutverk færi vel saman með lögbundnu hlutverki byggingarstjóra.
- Eigandi eða byggingarstjóri fyrir hans hönd býður út eða semur með öðrum hætti við verktaka um alla verkþætti.
- Tryggt skal að iðnmeistari verði í forsvari allra verkþátta og beri ábyrgð sem iðnmeistari á eigin verkþætti.
- Eigandi ætti að forðast að ráða byggingarstjóra sem hefur hagsmunaleg tengsl við verktaka, iðnmeistara eða hönnuði.

## Forsenda 2:

*Einstaklingur eða lögaðili fær úthlutað lóð og býður verkið út í heild til aðalverktaka*

- Aðalverktaki getur í samráði við byggingarstjóra sem fulltrúa eiganda ráðið til sín undirverktaka eftir þörfum, samanber gr. 4.7.7 í byggingarreglugerð.
- Aðalverktaki tryggi að iðnmeistarar úr hans eigin röðum eða sem undirverktakar verði í forsvari og



**Ferdinand Hansen**  
verkefnastjóri gæðastjórnunar SI

beri iðnmeistaraábyrgð á sérhverjum verkþætti.

Eigandi ræður byggingarstjóra til að annast innra eftirlit og annað sem tilheyrir lögbundnu hlutverki byggingarstjóra.

- Eigandi ætti að forðast að ráða byggingarstjóra sem hefur hagsmunaleg tengsl við verktaka, iðnmeistara og hönnuði.
- SI telja æskilegt að aðalverktaki sé ekki byggingarstjóri í eigin verki þar sem hann ber ábyrgð á verkinu í heild samkvæmt samningi (túlkun á ábyrgð í gr. 4.7.2 byggingarreglugerðar er óljós að mati SI.)
- Þegar til stendur að ráða sérstakan umsjónarmann verks, samanber kafla 4 í IST-30:2012, ætti eigandi að íhuga hvort það fer ekki saman við hlutverk byggingarstjóra og skapar þar með hagskvæmni að sami aðili annist umsjón skv. IST-30:2012 og sem faglegur fulltrúi eiganda, skv. ákvæðum byggingarreglugerðar og laga um mannvirki.

## Forsenda 3:

*Verktaki byggir og selur húsnæði*

- Verktakinn sem fyrirtæki er eini eigandi mannvirkisins þar til hann hefur selt fyrstu íbúðina.
- Ef starfsmaður verktakans, hvort heldur hann er eigandi eða almenningur starfsmaður, hefur byggingarstjóraréttindi getur hann tekið að sér að sinna hlutverki byggingarstjóra.
- Iðnmeistarar, sem starfa hjá sama verktaka, mega bera ábyrgð iðn-

meistara á tilteknum verkþáttum sömu framkvæmdar.

- Þegar íbúð eða hluti af mannvirki er seldur þarf nýr eigandi að samþykkja skriflega starfandi byggingarstjóra eða sameinast um nýjan í samráði við aðra eigendur, samanber gr. 2.7.1. lið d. í byggingarreglugerð.
- Fyrirtækið er aðalverktaki og því æskilegt að það sé ekki jafnframt byggingarstjóri þar sem það ber ábyrgð á verkinu í heild (túlkun á ábyrgð í gr. 4.7.2 byggingarreglugerðar er óljós að mati SI.)

Þessum leiðbeiningum/ráðleggingum er ætlað að leiða til farsælla samskipta allra aðila sem koma að tilteknu verki en ekki túlkun laganna í þeirra þrengstu merkingu.

## Vinnuverndarvika á Íslandi 22.-26. október

Dagarnir 22.-26. október eru helgaðir vinnuvernd en þá fer fram viðamikil dagskrá um vinnuvernd út um alla Evrópu undir yfirskriftinni Vinnuvernd - allir vinna. Vinnuverndarvikan er haldin árlega en hluti af henni er ráðstefna á Grand Hótel Reykjavík þriðjudaginn 23. október þar sem sérfræðingar úr atvinnulífnum fjalla um ýmsa þætti sem lúta að vinnuvernd í víðustu merkingu hugtaksins. Tilgangur vinnuverndarvinnunnar að gera vinnustaði heilsusamlegri og öruggari.

Evrópska vinnuverndarstofnunin í Bilbao á Spáni stendur fyrir þessu sameiginlega átaki Evrópuþjóða í seinni hluta október ár hvert. Markmiðið er að vekja athygli fólks á ákveðnum þáttum í vinnuumhverfinu með áherslu á heilsufarslegan og fjárhagslegan hagnað af markvissu vinnuverndarstarfi. Starfshópur, skipaður fulltrúum atvinnulífsins og Vinnueftirlitsins, sér um framkvæmd verkefnisins hér á landi. Dagskrá ráðstefnunnar á Grand Hótel verður auglýst þegar nær dregur.

Á vef Evrópsku vinnuverndarstofnunarinnar er að finna talsvert af útgefnum fræðsluefni um vinnuvernd en nánari upplýsingar er að finna á íslenskri upplýsingasiðu stofnunarinnar, [www.healthy-workplaces.eu](http://www.healthy-workplaces.eu)



## Vantar íbúðir fyrir næstu árganga

### Fokhelt og lengra komið (byggingarstig 4-7 samkvæmt ÍST. 51)

Íbúðir í fjölbýli 545 Rað- og parhús 176 Einbýli 64 Samtals 785

### Sökklar og að fokheldu (byggingarstig 2 og 3 samkvæmt ÍST. 51)

Íbúðir í fjölbýli 392 Rað- og parhús 40 Einbýli 41 Samtals 473

### Heildar fjöldi íbúða á öllum byggingarstigum (byggingarstig 2-7) á höfuðborgarsvæðinu er:

1.258

Samtök iðnaðarins stóðu nýverið fyrir talningu íbúða í byggingu á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstaðan er sú að íbúðir í fjölbýli, sem eru fokheldar og lengra komnar, eru 545 talsins. Þar af eru ekki nema 192 íbúðir íbúðarhæfar (á byggingarstigi 6 og 7 samkvæmt ÍST.51). Í flokki fokheldra og lengra kominna hefur íbúðum fækkað um 292 á innan við ári.

SI hafa lengi bent á að nauðsynlegt sé að setja nýframkvæmdir í gang og er íbúðamarkaðurinn þar með talinn. Ef ekkert verði að gert komi til vöntun á íbúðum, jafnvel fyrr en áður var talið.

Miðað við fjölda íbúða og byggingarstig telja samtökin ótvírátt að þörf sé á íbúðum fyrir „fyrstu íbúða kaupendur“,

þ.e. smærri og ódýrari eignir, án bíla-kjallara svo dæmi sé tekið. Líta verður til þess að sala á húsnæði hefur verið dræm frá hrúni og margir sem hafa haldið að sér höndum eru nú tilbúnir að kaupa, einnig eru stórir árgangar að koma nýir inn á markaðinn. Talið er að árlega þurfi um 1500 nýjar íbúðir inn á markaðinn og eru íbúðir í byggingu því innan við áætlaða ársþörf. Þá þarf að hafa í huga að byggingartími íbúðar í fjölbýli er 18-24 mánuðir þannig að ljóst er að íbúðir í byggingu eru langt frá því að fullnægja þörf markaðarins.

SI hafa lengi varað við því að verði ekkert að gert geti skapast ný þensla sem engum er til góðs til lengri tíma lítið.

## Matvæladagur MNÍ 2012



Matvæladagur MNÍ verður haldinn í 20. sinn þriðjudaginn 16. október með veglegri ráðstefnu á Grand Hótel Reykjavík. Umfjöllunarefni dagsins er að þessu sinni matvælaöryggi og neytendavernd.

Meginmarkmiðið með ráðstefnunni er að skýra hvað felst í hugtakinu matvælaöryggi og efla faglega umfjöllun um stöðu mála á Íslandi. Fjallað verður um ábyrgð löggjafans, matvælaframleiðenda og fjölmiðla og leiðir þeirra til að tryggja að almenningur fái örugg og heilnæm matvæli og ábyrgar upplýsingar og síðast en ekki síst verður fjallað um ábyrgð neytenda sjálfra. Fyrirtækjum verður boðið að kynna framleiðslu sína á svæðinu á meðan á ráðstefnunni stendur. Nánari dagskrá verður birt á vef SU þegar nær dregur.

Að venju verður Fjöregg MNÍ afhent fyrirtæki eða einstaklingi sem þykir hafa sýnt lofsvert framtak á sviði matvæla eða næringar. Fjöreggið er íslenskt glerlistaverk, framleitt hjá Gleri í Bergvík og hefur frá upphafi verið veitt með stuðningi frá Samtökum iðnaðarins. Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI mun afhenda Fjöreggið á Matvæladeginum.

### Hvað er að fréttu?



Samtök iðnaðarins leggja metnað í að birta fréttir af fyrirtækjum innan sinna raða í Íslenskum iðnaði og á vefsetri Samtakanna [www.si.is](http://www.si.is). Hvetjum félagsmenn til að benda okkur á efni eða senda okkur fréttir á netfangið [rakel@si.is](mailto:rakel@si.is)



# Nauðsynlegt að sett verði löggjöf um vernd vöruheita á Íslandi

Samtök iðnaðarins, Samtök mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja og Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði stóðu fyrir morgunverðarfundum um landfræðilegar merkingar á Grand Hótel Reykjavík í byrjun september.

Á fundinum kom glögglega fram nauðsyn þess að farið sé að vinna af fullri alvöru í þessum málaflokki og að sett verði löggjöf um vernd landfræðilegra merkinga á Íslandi eigi íslenskar útflutningsvörur að geta aðgreint sig á erlendum mörkuðum.

Guðni Ágústsson, formaður SMK opnaði fundinn og afhenti Orra Hauksyni, framkvæmdastjóra SI fundarstjórn. Sigurgeir Þorgeirsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri ávarpaði fundinn í stað Steingríms J. Sigfússonar, atvinnuvega-



## Carbon Recycling fær einkaleyfi í Bandaríkjunum

Íslenska fyrirtækið Carbon Recycling International hefur fengið einkaleyfi í Bandaríkjunum á framleiðslu- aðferð fyrirtækisins á endurnýjanlegu metanóli. Einkaleyfið er mikilvæg staðfesting á brautryðjendastarfi fyrirtækisins. Metanólið er unnið úr koltvísýringi frá jarðvarmavirkjun HS Orku í Svartsengi en verksmiðjan var formlega opnuð fyrr á þessu ári.

Endurnýjanlegt metanól er vistvænt og kraftmikið eldsneyti með háa oktantölu sem blanda má við bensín. 3% blanda bensíns og metanóls hentar öllum bílum.

og nýsköpunarráðherra, sem forfallaðist. Upplýsti Sigurgeir að í ráðuneytinu stæði til að skipa nefnd til að undirbúa löggjöf um þessi mál á allra næstu dögum.

## Vernd íslenskra vöruheita

Einar Karl Haraldsson höfundur nýútkominnar skýrslu um vernd vöruheita kynnti helstu niðurstöður hennar. Tilgangur skýrslunnar er að gefa yfirlit um stöðu landfræðilegra merkinga á heimsvísu og leita vísbendinga um framtíðarþýðingu þeirra í viðskiptum með landbúnaðarvörur. Löggjöf um vernd vöruheita er mismunandi eftir heimshlutum. Þannig er t.d. löggjöf ESB að einhverju leyti frábrugðin löggjöf Bandaríkjanna sem enn er frábrugðin löggjöf Ástralíu svo nokkuð sé nefnt. Eðlilegast væri að Íslendingar tækju mið af löggjöf ESB líkt og Norðmenn hafa gert en Einar benti á að Norðmenn hafa verið einstaklega duglegir að ná fram verndun á ýmsum norskum vöruheitum.

Einar segir íslensk vörumerki eiga á hættu að vera tekin upp af öðrum sem geri nafnið að almennt lýsandi heiti og nefndi skyr sem dæmi. Þá geti íslenskir framleiðendur ekki náð fram aðgreiningu og erfiðara verður að auka verðmæti vörunnar. Innlend löggjöf um vernd vöruheita er forsenda þess að semja um vernd íslenskra vöruheita á erlendum mörkuðum. Slíkir samningar munu einnig hafa í för með sér að Íslendingar skuldbinda sig til að viðurkenna vernd vöruheita frá þeim löndum sem samið er við. Einar telur að löggjöf um vernd landfræðilegra merkinga á Íslandi geti styrkt stöðu útflutningsafurða og haft góð áhrif á innlenda framleiðslu.

## Aðgreining á markaði

Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu sagði stuttlega frá matvæla og sjávarútvegs fagræðum Íslandsstofu. Í stefnumarkandi umræðum þessara fagræða, sem hafa með matvælaframleiðslu að gera, hafa upprunamál og vottun skipað stóran sess. Reyndar svo stóran sess að fagræð sjávarútvegs hefur mótað sérstakt markaðsverkefni, Iceland Responsible Fisheries, sem öll greinin stendur að.

Þá fjallaði Jón um aðgreiningu á



## Vernd vöruheita með uppruna- eða staðarvísun

Greinargerð um landfræðilegar merkingar á vegum Samtaka mjólkur- og kjötframleiðenda og Samtaka iðnaðarins

Júní 2012 - Samantekt: Einar Karl Haraldsson



markaði og mikilvægi þess að framleiðendur ákvarði hvernig þeir ætli að aðgreina sig og að vanda undirbúning áður en farið er að stað í markaðssetningu.

Hann veitti einnig innsýn í hugmyndafræðina að baki kynningarstarfi Íslandsstofu sem byggir á því að láta upplifun erlendra gesta móta ímyndina og hvernig slík nálgun getur nýst í markaðsstarfi fyrir íslensk matvæli.

## Skýrar leikreglur

Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands fjallaði um mikilvægi verndar vöruheita fyrir íslenskan landbúnað. Hann sagði það vilja bænda að skjóta fleiri stöðum undir vernd vöruheita íslenskra landbúnaðarvara en ítrekaði mikilvægi þess að allar leikreglur séu skýrar. Mikill vilji er meðal hinna ýmsu búgreina innan bændasamtakanna að vinna nánar saman að markaðssetningu. Telur hann vernd vöruheita muni efla íslenska búvöruframleiðslu og sölu á afurðum bæði hér heima og erlendis.

## Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins  
8/9. töl. 18. árg. Ágúst/September 2012  
ISSN 1022-7741

För í prentsmíðu: 1.9.2012  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Plastpökkun: Þjarkarás  
Ljósmyndir: Odd Stefán  
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,  
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101  
Kennitala: 511093-2019  
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is  
Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson  
Ritstjóri: Rakei Pálsdóttir  
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

HUGSAÐU UM HEILSUNA OG VELDU HEILKORN

## HJARTABRAUÐ

Þitt hjartans mál...í hvert mál...

**Landssamband bakameistara og Hjartavernd hefur gert með sér samningning um að málta að heilsusamlegri brauðneyslu þjóðarinnar.**

Markmiðið með samvinnu LABAK og Hjartaverndar er að vekja athygli á hollustu heilkornabrauða og mikilvægi þess að draga úr salt- og sykurneyslu.

Samningsgáttir eru á höfðum LABAK hafa á boðstólum Hjartabrauð sem er afkomið úr frumöluðum heilkorni. Hjartabrauð er mál á brauði.

**Hjartabrauð er einngöngu notað heilsusælt brauð.**

**Það inniheldur:**

- 7% trefur
- 1,2% sykur
- 2,5% heildaryrkur
- 0,5% natúrsmjör

Hjartavernd hefur sín mál til þess að tryggja heilsu þess sem verður til kaupa á nýju ómtækli sem verður notað til rannsókna.

**HJARTABRAUÐ**

## Hjartabrauð fyrir heilsuna

Landssamband bakameistara og Hjartavernd taka saman höndum um að stuðla að heilsusamlegri brauðneyslu þjóðarinnar. Markmiðið með samvinnu LABAK og Hjartaverndar er að vekja athygli á hollustu heilkornabrauða og mikilvægi þess að draga úr salt- og sykurneyslu.

Félagsmenn LABAK munu hafa á boðstólum Hjartabrauð sem er alfarið bakað úr möluðu heilkorni og uppfyllir öll næringarskilyrði skráargatsins, þ.e. inniheldur mikið af trefjum en lítið salt og sykur. Brauðið verður auðkennt með merki Hjartaverndar.

Sala á Hjartabrauðinu hófst 1. september í bakaríum innan Landssambands bakameistara. Sextíu krónur af hverju seldu brauði renna til Hjartaverndar og verður söfnunarfénu varið til kaupa á nýju ómtækli sem verður notað til rannsókna.

Það er við hæfi að hefja sölu á brauðinu í septembermánuði sem er tileinkaður hjartavernd í heiminum. Sú hjartavernd mun ná hámarki á alþjóðlega hjartadeginum 29. september með ýmsum viðburðum fyrir börn og fullorðna í tilefni dagsins.

Í heilkorni eru allir hlutar kornsins malaðir saman og þess vegna er það ríkt af mörgum mikilvægum næringar- og hollustuefnum. Í hýðislögum eru trefjar og vítamín, steinefni og snefilefni og í kímínu hollar olíur og vítamín. Brauðvörur úr heilkorni búa því yfir margvíslegum eiginleikum sem eru góðir fyrir heilsuna. Heilkornavörur eru mettandi og örva meltinguna.

# Minnkandi hagvöxtur


Hagvöxtur á fyrri helmingi ársins var 2,4% skv. tölum sem Hagstofa Íslands birti nýlega. Þetta er umtalsvert minni hagvöxtur en flestar spár gerðu ráð fyrir en þær hafa verið á bilinu 2,8%-3,1% fyrir þetta ár. Hagstofan hefur enn fremur endurmetið hagvöxt síðasta árs og er nú gert ráð fyrir að hann hafi verið 2,6% í staðinn fyrir 3,1%. Ljóst er því að batinn í hagkerfinu er talsvert minni en áður hefur verið talið. Til að hagspár fyrir þetta ár gangi eftir þarf efnahagsstarfsemin að taka mikinn kipp á seinni hluta ársins en ekki er margt sem bendir til að svo verði raunin.

Helsta skýringin á því að hagvöxtur er undir væntingum er neikvætt framlag utanríkisviðskipta. Útflutningur jókst þannig um 4,9% á fyrri helmingi ársins en á sama tíma jókst innflutningur um 8,8%. Góður vöxtur var hins vegar í

einkaneyslu eins og innflutningstölur og greiðslukortavelta bera raunar með sér. Fyrstu sex mánuði ársins jókst hún um 4% samanborið við fyrstu sex mánuði ársins 2011.

Fjárfesting jókst einnig nokkuð mikið eða um 19,3%. Helsta skýringin liggur í vaxandi atvinnuvegafjárfestingu sem jókst um 27% sem aftur skýrist af miklum fjárfestingum í skipum og flugvélum. Íbúðafjárfesting jókst hins vegar um 7,7% en opinberar fjárfestingar drógust saman um 6,6%. Líkur eru á íbúðafjárfesting taki verulega við sér á seinni hluta ársins en að opinberar fjárfestingar verði litlar. Þótt fjárfesting sé að aukast umtalsvert er hún enn lítil í sögulegu samhengi eða tæp 14% af landsframleiðslu. Samneyslan dróst saman um 0,7% fyrstu sex mánuði ársins. Horfur eru á að litlar breytingar verði í samneyslu á árinu og fram á það næsta.

**Hagvöxtur 2005-2012**  
- breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs



*Námsvísir  
IÐUNNAR fyrir  
haustönn 2012  
er kominn út. Í  
námsvísinum er  
að finna fjölda  
námskeiða í  
margvíslegum  
greinum.  
Nánari upplýsingar  
á [www.idan.is](http://www.idan.is)*

